

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1922.

11  
20. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1922, veitast kr. 201478,25 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

## 2. gr.

Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna (sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður) veitast 12000,00 kr.

Launaviðbót sendiherra í Kaupmannahöfn ..... kr. 12000,00

## 3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 8587,55 kr.

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Til viðauka og breytingar við rafveituna á Kleppsspítala .. | kr. 1854,10 |
| 2. Kostnaður við raflagningu til Vífilsstaða .....             | — 3149,50   |
| 3. Utanfararstyrkur frá Bjarnhjeðinsson .....                  | — 1000,00   |
| 4. Kostnaður við augnlækningaferðalag til Austfjarða .....     | — 1382,05   |
| 5. Ýmisl. kostnaður við varnir gegn inflúensu .....            | — 301,90    |
| 6. Læknisvitjanastyrkur til Flateyjarhjeraðs .....             | — 900,00    |

Samtals kr. 8587,55

## 4. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 122091,42 kr.

- |  |              |
|--|--------------|
| 1. Kostnaður við húsbyggingu á prestssetrinu á Mælifelli ....            | kr. 26883,34 |
| 2. Viðbótarstyrkur til húsbyggingar á Sandfelli .....                    | — 2000,00    |
| 3. Til bæjargerðar í Reykholti .....                                     | — 599,60     |
| 4. Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík .....                   | — 5308,15    |
| 5. Til raflagningar í Alþingishúsið (háskólann) .....                    | — 2200,00    |
| 6. Til tilraunaskála mentaskólans .....                                  | — 1192,73    |
| 7. Til raflagningar í kennaraskólann .....                               | — 3000,00    |
| 8. Höfuðviðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri .....                   | — 59000,00   |
| 9. Andvirði fyrir lóð, keypta í þarfir gagnfræðaskólans á Akureyri ..... | — 4200,00    |

<b>11</b>	10. Rafljósaáhöld til stýrimannaskólans .....	—	707,60
<b>20. júní</b>	11. Til rafljósastöðvar og raflagningar á Hvanneyri .....	—	15500,00
	12. Utanfararstyrkur forstöðukonu daufdumbraskólans .....	—	1500,00

---

Samtals kr. 122091,42

**5. gr.**

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 14950,00 kr.

1. Til ferðar Einars H. Kvarans rithöfundar á alþjóðafund í Lausanne 1921 .....	kr.	1500,00
2. Til ferðar Lárusar H. Bjarnasonar hæstarjettardómara á fund norrænna lögfræðinga í Kristjaníu .....	—	1500,00
3. Til ferðar sendiherra Sveins Björnssonar á sama fund ....	—	850,00
4. Til ferðar fornmenjavarðar Matthíasar Þórðarsonar á fornfræðingamót .....	—	1500,00
5. Til að kaupa forngripi frá amtmannsfrú M. Havsteen ....	—	3500,00
6. Til próf. Sveinbj. Sveinbjörnssonar .....	—	4000,00
7. Til frjettastofu Verslunarráðs Íslands .....	—	2000,00
8. Til Iðnfræðifjelags Íslands, til verðlauna fyrir ritgerð um iðnfræðileg efni .....	—	100,00

---

Samtals kr. 14950,00

**6. gr.**

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 43849,28 kr.

1. Til jarðabóta á Mosfelli .....	kr.	9000,00
2. Til Skeiðaáveitunnar .....	—	19000,00
3. Til brimbrjóts í Bolungarvík .....	—	8000,00
4. Til Einars Benediktssonar fyrir uppdrætti af mómýrum ....	—	5000,00
5. Kostnaður við skrifstofu húsameistara .....	—	2549,28
6. Til Gunnars Egilsonar .....	—	300,00

---

Samtals kr. 43849,28

**7. gr.**

Landsstjórninni er heimilt að ganga í ábyrgð fyrir láni Reykjavíkurkaupstaðar, að upphæð 500000 kr., er hann fær í Bikuben, til vatnsleiðslu inn í bæinn.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*